

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundahúsa á Hellnum, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 15. júní 2010 deiliskipulag frístundahúsa á Hellnum, Snæfellsbæ, með breytingum.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir sex frístundahúsum á fimm frístundalóðum, hámarksstærð húsa er 70-120 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð er 4,2 m og hámarksnýtingarlutfall er 0,03.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 24. september 2010.*

**Lilja Ólafardóttir** bæjarritari.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. október 2010